



Pési

Næsti Pési kemur út
10.sept. 2015. Efni þarf
að berast í síðasta lagi
7.sept 2015.



BÓKASAFN

Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFN

Opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18



leitir.is

Frá og með 1. september verður líka opið á
fimmtudögum frá kl. 16-18.

Lánstími safnefnis er 30 dagar nema annars sé getið.

Alltaf hægt að skila safngögnum í skilalúguna ☺

Verið hjartanlega velkomin.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



Gegnir

Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími frá 17. ágúst:

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 12:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi: Frá 17– 31. ágúst.

Mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga: 17:00-20:00

Hrunaréttir 11. september.

Ágúst 2015
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

25. árgangur.
295 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Ágústmánudur er genginn í garð og fólk fer að koma úr sumarfríum og takturinn að breytast. Leikskólabörnin byrja að trítla í skólann sinn þann 13. ágúst og Flúðaskólabörnin banka á dyrnar þann 21. ágúst. Sumarið hefur verið viðburðaríkt eins og ávallt og mikið af fólki á ferðinni á svæðinu. Veðrið hefur, öfugt við árið í fyrra, verið hagstætt bæði fyrir bændur og ferðaþjónustuna. Vonandi leiðir það til góðrar uppskeru fyrir alla.

Flóra hátíða sumarsins var með aðeins öðru sniði en á síðasta ári. Bylgjulestin datt upp fyrir en kannski var sú hátíð orðin svolítið þreytt og spurning hvað hún skildi eftir hjá okkur. Ég vil þakka 17. júní nefndinni fyrir góð störf og skemmtilega hátíð en það er ómetanlegt að fólk sé tilbúið að leggja á sig mikla vinnu fyrir okkur hina sem sækja hana. Það var gaman að sjá að Bjössi í „Gömlu lauginni“ skyldi fá Umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps en sá staður hefur vakið verðskuldaða athygli.

Verslunarmannahelgin var á sínum stað og fór vel fram þrátt fyrir mikið fjölmenni. Þá vil ég þakka ferða- og menningarnefnd sérstaklega fyrir mikla vinnu við að halda utan um skipulag á dagskrá verslunarmannahelgarinnar og nefndarmanninum Elvari Harðarsyni sérstaklega fyrir að taka að sér að sjá um furðubátakeppnina og fleiri atburði tengda helginni. Þó ekki hafi tekist að koma traktorstorfærinni á koppinn þetta árið er það enginn heimsendir enda hafa formkröfur LÍA o.fl gert henni erfitt fyrir. Vonandi finna menn þó leiðir til að hafa hana í framtíðinni.

Þó verslunarmannahelgin hafi gengið áfallalaust er ljóst að við þurfum að setjast niður og sjá hvað betur má fara en það eru þó sérstaklega ruslamálin sem þyrfti að vinna betur í.

Lokahátíð sumarsins verður síðan Uppskeruhátíðin sem verður haldin laugardaginn 5. september n.k. Vil ég hvetja sveitunga og aðra að nýta sér þetta tækifæri til að kynna starfssemi sína á þessum degi og koma sér og sínu á framfæri.

Á vettvangi sveitarstjórnar hefur að venju verið rólegt sumar. Það liggur fyrir að það þarf að komast að niðurstöðu um sorphirðingu í kjölfar útboðs. Þá þarf einnig að klára framkvæmdir sem eru á vegum sveitarfélagsins og ganga þær þokkalega þó ljóst sé að sumt tefjist meira en við áætluðum. Við þurfum þó að hætta við að endurnýja hluta af þaki kennsluálmú Flúðaskóla vegna vandamála að fá dúkara til að ganga frá þakdúk í tíma. Það er greinilega að verða meiri ásókn í iðnaðarmenn og kannski að verða skortur á þeim á vissum sviðum sem gæti haft áhrif á ýmislegt.

Nú liggur fyrir hvernig fasteignamat í Hrunamannahreppi verður á árinu 2016 en það hækkar mjög hóflega það árið eða um rúmlega 2% þannig að ekki verða miklar sveiflur í því. Það er æskilegt þar sem miklar sveiflur eru ekki góðar fyrir gjaldendur. Að lokum vil ég minna fólk á að huga að umhverfi sínu og höfum hugfast að við berum öll ábyrgð á því að sveitin okkar sé sem snyrtilegust.

Ég vil óska öllum góðra sumarloka og eigum gott haust saman.

Jón G. Valgeirsson

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN
fontana
Hólsúnd frá landnámi



Uppsveitahringurinn verður haldinn í Reykholti laugardaginn 15. ágúst.

Þátttakendur verða ræstir sem hér segir:

Kl. 10.00 - 46 km keppnishjólreiðahópur leggur af stað og endar í Reykholti

Kl. 10:30 - 10 km keppnishlauparar leggja af stað frá Flúðum og endar í Reykholti

Kl. 10:30 - 10 km hjólreiðahópur leggur af stað frá Flúðum og endar í Reykholti

Kl. 13:00 - Krakkahlaup á íþróttavellinum 400 metrar

Kl. 13:30—Verðlaunaafhending og frábær skemmtidagskrá—Tvær úr Tungunum



Skráning er á www.hlaup.is, skráningarfrestur er til kl. 23:00 fimmtudaginn 13. ágúst. Þáttkúgjald er 2.000 kr., nema í 10 km hjólreiðunum þar sem gjaldið er 1.000 kr. Fritt í krakkahlaup

Keppendur geta nálgast keppnisnúmer og keppnisgögn milli kl. 16:00-18:00, föstudaginn 14. ágúst í íþróttamiðstöðinni í Reykholti. Þá er einnig hægt að nálgast keppnisgögn milli kl. 8:00 - 9:00 að morgni keppnisdags í íþróttamiðstöðinni. Hægt er að skrá sig í keppnina á þessum tíma en þá bætast 1.000 kr. við þáttkúgjaldið.



FRIDHEIMAR



GEYSIR



Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-22:00
Laugardaga	10:00-22:00
Sunnudaga	10:00-22:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl. Samkaup strax
á Flúðum.

Sími 486 6633

fludir@samkaupstrax.is <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta Grímsnesið,

Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Gnúpverjahr.
Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum
eftir bestu getu.

Með Kv. TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting – Hand-
snyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plökkun.

Tímappantanir í Síma 856-1599



Upplit

Menningarklassi uppsveita Árnessýslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir



RAFMAGNSVERKSTÆÐI JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM
SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866


OPNUNARTÍMI

OPIÐ VIRKA DAGA 10-17
LAUGARDAGA 11-13

Skemmtiferð eldri borgara

Farið verður í skemmtiferð eldri borgara á vegum Kvenfélags Hrunamannahrepps **mánudaginn 24. ágúst og lagt af stað frá Félagsheimilinu kl. 10:30.**

Að þessu sinni verður farið til Vestmannaeyja og nýja safnið, Eldheimar, skoðað. Ýmislegt annað er einnig á döfinni.



Herjólfur siglir frá Landeyjahöfn kl. 12:30 og til baka kl. 18:30. Heimkoma er áætluð kl. 20:30.

Sigling með Herjólfvi báðar leiðir og aðgangseyrir að Eldheimum kostar 3000 kr.

Þátttaka tilkynnist til Margrétar Óskarsd. í síma 486 6606/ 893 6606 eða Bjargar í síma 864 6639 fyrir 20. ágúst.

Með kærri kveðju,
nefndarkonur

Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufraeðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **432-2770**

Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi **432-2000**

ATH!breytt símanúmer



Flúðaleið ehf



Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar

Fjölskyldu- skemmti- og vinnuferð í Fosslæk

Nú ætlar ÁSÆL að fara í seinni vinnuferð sína í sumar. Farið verður innúr að kvöldi 28. ágúst og laugardagurinn 29. ágúst nýttur til að vinna í húsinu í Fosslæk. Grill og kaffi verður í boði ÁSÆL á laugardeginum. Fólk er vinsamlega beðið um að staðfesta þátttöku sína í síðasta lagi

27. ágúst í síma:

Jón: 781-2599,

Erla: 849-6381,

Sveinn Hannes: 895-3197

Með von um góða

þátttöku,

Kveðja stjórnin



Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi **föstudaginn 21. ágúst 2015**

Athugið!! gjafakort til sölu.

Tímarpantanir í síma: 863 0433

Allir velkomnir!

Sólveig Jóhannsdóttir

Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is



Skólasetning Flúðaskóla verður föstudaginn 21. ágúst
frá klukkan 9:00 - 11:00 Skólabílar sækja og keyra heim.

Auglýst er eftir umsjónarmanni Skólasels Flúðaskóla.



Vinnutími er eftir að skóla lýkur, til kl 16:15 frá
mánudegi til fimmtudags.

Viðkomandi þarf að:

Vera jákvæður.

Vera sjálfstæður í vinnubrögðum.

Hafa gaman af því að starfa með börnum.

Starfshlutfall 30 – 60 % eftir samkomulagi.

Íslenskukunnátta áskilin.

Laun samkvæmt kjarasamningi Launanefndar
sveitarfélaga og Foss.

Upplýsingar gefur Guðrún Pétursdóttir, skólastjóri
í síma 480 6610 eða í tölvupósti

gudrunp@fludaskoli.is.

Umsóknarfrestur er til 18. ágúst 2015.

Starfskynningar nemenda í Flúðaskóla

Á vормánuðum fór unglíngastíg Flúðaskóla í heimsóknir til fyrirtækja hér í nágrenninu. Við fengum góðar undirtektir hjá öllum sem við leituðum til en því miður komumst við ekki yfir allt að þessu sinni. Alls staðar sem við komum fengum við góðar móttökur og kunnum við þeim fyrirtækjum sem hér verða talin upp bestu þakkir: Límtré, Landstólpi , Land og synir, Hótel Flúðir, Gistiheimilið Grund, Bryðjuholt, Tamningastöðin Syðra-Langholti og Silfurtún. Það er ómetanlegt fyrir börnin okkar að fá að heimsækja fyrirtækin á svæðinu og kynna starfsemi. Svona heimsóknir eru skemmtilegar, fræðandi og áhugaverðar. Það er von okkar að hægt verði að halda þessu samstarfi gangandi í framtíðinni.

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir úr þessum ferðum .





Tilkynning frá knattspyrnudeild Ungmennafélags Hrunamanna

Sæl.

Um leið og ég þakka öllum iðk-
endum og foreldrum/

forráðamönnum fyrir einkar skemmtilegt samstarf í sumar vil
ég koma því á framfæri að síðustu æfingar sumarsins verða
haldnar fimmtudaginn 20.ágúst.

Einnig hefur mikið magn óskilamuna safnast upp í sumar og
hægt er að vitja þeirra á æfingartímum eða einfaldlega hafa
samband við undirritaðan símleiðis eða í gegnum vefpóst.

Að lokum hvet ég alla þá er enn eiga eftir að ganga frá æf-
ingargjöldum að gera slíkt sem fyrst.

Með kærri knattspyrnukveðju,

-Jón Þ Aðalsteinsson



Tek að mér afleysingar og ýmiskonar vinnu, fyrir
bændur og aðra sem þess óska.

Mads Jörgensen S:8458307

Reykholt



LAGNA POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari

Kringlumýri 1 800 Selfoss

Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

Kæru sveitungar.

Við mæðgur og systur þökkum kærlega fyrir gott sumar hérna í Bragganum.

Nú líður að vetrar-lokun hjá okkur, síðasti opnunardagur þetta sumarið verður sunnudaginn 16. ágúst.

Við hvetjum alla til að fjölmenna til okkar á síðasta Írska Kaffikvöld sumarsins fimmtudaginn 13. ágúst og minnum hestamenn á hestaslána og gerðið.

Um helgina munum við bera fram Dögurð (Brunch) laugardag og sunnudag á milli 11-14. Þökkum öllum fyrir komuna og ómetanlegan stuðning.

Erna, Lára og Ásthildur



Uppskeruhátíð í Hrunamannahreppi 5. september!

Upplýsingar hjá Valdísi í síma

822 6617, netfang: lkot@simnet.is.

Markaður verður í Félagsheimilinu á Flúðum. Þeir sem hafa áhuga á að selja þar afurðir og varning og tryggja sér pláss geta haft samband við umsjónarmenn markaðarins sem eru þær Bjarney 895-8978 og Harpa 864-4482.



Hrunamannahreppur

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til fimmdaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:30.



HRUNAPRESTAKALL

Hestamannamessa, síðsumarmessa og uppskerumessa framundan!

Sunnudagur 16. ágúst: **Hestamannamessa í Stóra-Núpskirkju kl. 14.** Fólk er hvatt til að koma ríðandi til messu. Hópreið leggur af stað úr Hrunamannahreppi frá Hrúna kl. 11. Allir velkomnir!

Sunnudagur 23. ágúst: **Síðsumarmessa í Tungufellskirkju kl. 14.** Forsöngvari leiðir almennan safnaðarsöng. Allir velkomnir!

Laugardagur 5. september: **Uppskerumessa kl. 11 í Hrunakirkju.** Félagar úr kirkjukór leiða sönginn. Samvera fyrir alla fjölskylduna. Reiptog, pokahlaup og fleiri leikir eftir messu. Grillaðar pylsur og molasopi. Allir velkomnir!

Ég vænti góðrar þátttöku sóknarbarna sem og annarra í þessum messum nú í lok sumars. Um miðjan september verður síðan messudagskrá haustmíssis og fram til áramóta dreift inn á öll heimili í prestakallinu.

Þá minni ég á heimasíðu Hrunaprestakalls, **hruni.is**, þar sem finna má allar upplýsingar um kirkjustarfið. Sími sóknarprests er 8561572 og netfangið er oskar@hruni.is.

Sjáumst í kirkjunni!

Óskar Hafsteinn Óskarsson